

A background photograph showing a large group of people, including children and adults, gathered in a grassy area with some buildings in the distance. The scene appears to be a community event or festival.

Kjalnesingur

3. tbl. 12. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

20. júní 2012

Kjalarnesdagar

helgina 22.-24. júní

Markaður, KAFFIHÚS,
UNGLINGAFJÖR, *bátsferðir*, fjór-
hjólafjör, **LITAKEPPNIN**, hestar,
leiktæki frá ÍTR, *kvöldvaka*, *Lifandi*
tónlist, SKRÚÐGANGA,
útværpsmessa, sönghópur,
uppruni jónsmessunnar, selstöður á
Kjalarnesi, ofl.
FJÖLSKYLDUGLEÐI OG
GAMAN Á KJALARNESI

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson

Kjalarnesdagar eru að festa sig í sessi sem hverfishátíð Kjalnesinga. Eins og undanfarin ár hefjast Kjalarnesdagar á föstudeginum með dagskrá í umsjón ungafólksins. Hópurinn 16 - 25 sem í vetur hefur haft aðstöðu í Fólkvangi sér alfarið um þennan dagskrárlið sem byrjar í Fólkvangi með beinni útsendingu frá EM. Eftir það verður farið í sund en síðan endað í útistofunni við varðeld, gítarleik, söng og gleði. Að sjálfsögðu er öll notkun vímuefna stranglega bönnuð.

Laugardagurinn hefst með skruðgöngu frá Róló upp að Fólkvangi þar sem UMFK leikarnir hefjast. Þar verður einnig hoppukastali, boðið upp á bátsferðir, fjórhjólaför og teymt undir ungum sem öldnum. Í Fólkvangi verður fjölbreyttur markaður og kaffihús með lifandi tónlist. Hverfisráð Kjalarness mun veita umhverfisviðurkenningu og um kvöldið verður útsamkoma á Róló. Í tengslum við Kjalarnesdaga biður Guðlaug upp á svæðanudd og opið verður í Gallerí Front.

Sunnudagurinn hefst með guðspjónustu í Brautarholtskirkju þar sem mikið er lagt í tónlistarflutning. Sögufélagið Steini verður með áhugaverða menningardagskrá með erindum og gömlum ljósmyndum frá Kjalarnesi og Kjós.

Fjölmarginir bæði einstaklingar og félög hafa komið að undirbúningi þessara daga og án þeirra framlags væru Kjalarnesdagar sviplittir. Veðurútlit helgarinnar er einstaklega gott og allir Kjalnesingar hvattir til að bjóða vinum og kunningum heim á Kjalarnesið og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá á Kjalarnesdögum

BYMOS

Bymos er með
skreytingaefni í öllum regnbogans litum.

Síminn í Bymos er **586 1210**

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið

Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjörobörðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.



Þróunarfélag Kjalnesinga

Þ.K. er aðeins eins árs gamalt en nokkuð stálpað þó. Mikil vinna, bréfaskriftir, fundir, e-mail, og sms hafa farið í að fá byggingar Arnarholts til atvinnuuppbyggingar fyrir Kjalnesinga undanfarið ár, ásamt fjármagni til starfsmannahalds fyrir þessi verkefni félagsins.

Mjög mikil jákvæðni er í orði gagnvart þessum hugmyndum Þ.K. með Arnarholtið hjá þeim sem hefur tekist að ná í til skrafs og ráðagerða, en hinsvegar virðist vera algert fálæti á borði, en þó eru vissulega undantekningar þar á.

Byggingar Arnarholts eru að mestu í eigu Ríkisins en að hluta til Reykjavíkurborgar. Í byrjun mánaðarins kom í ljós að Ríkiskaup auglýsti Arnarholt til sölu og var tilboðsfrestur til 19. júní. Þ.K. sendi inn tilboð sem hljóðar uppá 1 kr. og reyndist það vera eina tilboðið í eignina.



Engu að síður hefur félagið fengið tvo launaða starfsmenn frá Reykjavíkurborg sem hafa verið að einbeita sér að atvinnutækifærum tengdum ferðapjónustu. Starfsmenn félagsins eru Guðni Indriðason formaður félagsins og Wilhelm Wessman, gamalreyndur í ferðapjónustubransanum hér heima og erlendis.

Starfsmenn hafa verið að leita eftir aðilum á Kjalarnesinu sem starfa við ferðapjónustu eða eru henni tengdri og farið í heimsóknir að skoða aðstæður og heyra í fólk með starfsemi sína. Enn sem komið er hafa einungis 4 aðilar verið heimsóttir en vafalaust eru þeir fleiri sem fara sér þá frekar „leynt“. Er hér með óskað eftir að þeir sem eru með eitthverjum hætti tengdir ferðapjónustu á Kjalarnesi að láta vita af sér eða ef áhugi er fyrir að hefja eitthverskonar starfsemi sem gæti fallið að ferðapjónustu, öll samvinna er af hinu góða og nauðsynleg. Einnig eru hugmyndir að sameiginlegum bæklingi um Kjalarnes fyrir ferðamenn. **Allir sem áhuga hafa á því að taka þátt eru beðnir að hafa samband, thkjal@kjalarnes.is eða 615-6383.**

Unnið hefur verið með hugmyndir tengdar „Klébergstorfundi“, en einnig hefur verið skoðaðir möguleikar á að fá ferðamenn til að koma á Kjalarnesið t.d. til að versla og skoða náttúruna. Allt er þetta á frumstigi skoðunar en í haust verða vonandi komnar fram fastmótaðar hugmyndir til að „selja“.

Guðni Indriðason, formaður

Póstlistinn “á döfinni”

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi. Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn “á döfinni” frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista. Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur “póstlisti” verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Endurvinnsla eða sekt!

Á meðan flest önnur sveitarfélög leggja metnað sinn í að hvetja íbúana á jákvæðan hátt til betri umgengni við náttúruna velur Reykjavíkurborg leið þvingunaraðgerða.

Reykjavíkurborg hefur verið eftirbátur margra annarra sveitarfélaga þegar kemur að flokkun sorps. Einu sinni stóð til að öll heimili í borginni fengju pappírstunnu (bláa tunnu) frá borginni á þessu ári. Nú hefur formaður umhverfis- og samgönguráðs lagt fram nýja tillögu. Í stað þess að íbúar fái bláa tunnu er lagt til að sorphirða borgarinnar hætti að hirða umbúðir með skilagjaldi og pappír. Þetta á að hvetja fólk til að nýta þær lausnir sem þegar eru í boði. Það er hægt að nýta grenndargáma, það er hægt að fá bláa tunnu með árgjaldi kr. 7.400 hjá borginni og síðan nýta þjónustu fyrirtækja á markaði. Verði þessi tillaga samþykkt verða svartar tunnur sem innihalda dagblöð eða umbúðir með skilagjaldi ekki tæmdar. Þá verður að flokka pappírinn frá og panta aukalosun sem kostar sitt. Í upphafi er miðað við að ráðnir verði „eftirlitsmenn“ sem kíkja eiga ofan í sorptunnurnar og taka stikkprufur. Þessa tillögu á að ræða á næsta fundi í umhverfis- og samgönguráði en formaður þess býst ekki við öðru en að þessi tillaga verði samþykkt.

Tvö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar innleitt aukna flokkun með öðrum hætti. Þar eru íbúar hvattir til að flokka allan pappír frá öðru sorpi og setja það í „bláu“ tunnuna sem íbúar í Mosfellsbæ og í Kópavogi hafa þegar fengið án aukagjalds. Í þeim sveitarfélögum er markmiðið að auka þjónustu við íbúa, auka endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fer til urðunar. Breytingin á sorphirðufyrirkomulagi í Mosfellsbæ

felst í því að íbúar hafa framvegis tvær sorptunnur við hús sín, gráa sorptunnu fyrir almennt heimilisorp, líkt og áður, en bláa pappírstunna bætist nú við.

Í þessum sveitarfélögum er gjaldtaka fyrir hina nýju endurvinnslutunnu innifalin í sorphirðugjaldi, enda gert er ráð fyrir því að þessi aukna sorpflokkun skili sér til baka í lægri urðunargjöldum. Reiknað er með að þessi flokkun dragi úr magni til urðunar um 25%. Þar sem urðunarkostnaður hefur hækkað umtalsvert á undanförunum árum á sama tíma og endurvinnsla hefur orðið hagkvæmari er þarna um verulega fjármuni að ræða.

Verði tillaga formans umhverfis- og samgönguráðs samþykkt eins og reiknað er með verður auknum kostnaði velt yfir á Kjalnesinga frá og með 1. okt. nk. Þá verður byrjað að skoða hvort pappírssnepill eða endurgjaldsskildar umbúðir leynist í svörtum tunnum og ef svo er verður sektarmiði límdur á viðkomandi tunnu. Til stendur að innleiða þetta kerfi á Kjalarnesi í haust fyrst hverfa Reykjavíkurborgar.

Það er dapurlegt til þess að vita að svona gott verkefni sé í upphafi eyðilagt með neikvæðri kynningu. Ávinningur af flokkun, ekki einungis flokkun pappírs heldur einnig annarra umbúða er gríðarlegur fyrir umhverfið og þannig einnig fyrir alla íbúa. Því er mikilvægt að stuðla að frekari endurvinnslu og þar eiga opinberir aðilar aðleggi sig fram um að auðvelda íbúum aðgengi að lausnum sem styðja við bætta umgengni við náttúruna.


ÁH

Skrúðganga á Kjalarnesdögum



Á laugardaginn hefjast Kjalarnesdagar með skruðgöngu kl 12:45 frá Róló upp í Fólkvang þar sem barist verður hart um farandbikarinn í UMFK leikunum

Björgunarsveitin Kjölur bíður í siglingu



Markaður í Fólkvangi



Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson

Ökukennari

Búagrund 1 Kjalarnesi

s. 892 7480

okunam@okunam.is

www.okunam.is

LITAKERFI Á KJALARNESDÖGUM

Í tilefni Kjalarnesdaga ætlum við að skreyta hús og garða, bæjarmerki og fl. í ákveðnum litum. Einnig að fólk merki sig með t.d. hárbandi/buffi, fötum eða öðru.

Litakerfið hefur verið þaulskipulagt.

Esjgrund nr.5 til 40Appelsínugult

Esjgrund nr. 41 til 96 Rautt

Búagrund og Helgugrund Gult

Jörfagrund Fjólublátt

Frá Mos að hverfi Grænt

Frá Sjöppu að Brautarholti Blátt

Frá sjöppu inn að Kjós .. Bleikt

Tilgangurinn með litakerfinu er að skipuleggja keppni í ýmsum þrautum milli hópa.

**Veittar verða viðurkenningar
fyrir skreytingar**

SVÆÐAÚDD

Í tilefni af Kjalarnesdögum bjóðum við á kr. 1.000,-

Svæðameðferð, (fótanudd) 20 mín
blóðþrýstingsmælingu
blóðsykursmælingar
og heilsusafa í kaupbæti.

Opið verður kl.10-15, laugard. 23. júní
Vinsamlega pantið tíma í síma 867 9940

Guðlaug H. Kristjánsdóttir
Svæðanuddari - sjúkraliði
Félagi í SSOVI

Markaðurinn í Fólkvangi

Enn eru laus borð á markaðnum í Fólkvangi á laugardaginn.

Takið nú til á háalofinu, bílskúrnum, kútaskápnum, garðinum, kjallaranum og hvar þar sem söluvænlegt dót og drasl leynist.

Aðeins 1.000 kall borðið

Fáðu þér borð í einum grænum hjá henni Soffíu Sóley s: 867 2331

Opið hús í Gallerí Front



Í tilefni Kjalarnesdaga verðum við með opið hús laugardaginn 23.júní milli kl. 13 og 16 í Búagrund 13. Gaman væri að sem flestir litu við og kynntu sér það sem við höfum uppá að bjóða.

Hlökkum til að sjá ykkur.

P.s. Því miður verðum við ekki með posa í þetta skiptið en nóg af skiftimynt ef fólk vill versla.

Dagskrá Kjalarnesdaga

Föstudagur 22. júní:

Kl 18:00-21:00 Fólkvangur 16 - 25 hópurinn með grill og gleði í Fólkvangi. EM á tjaldinu. Eingöngu fyrir hópinn 16 - 25.
Gott að fá þátttökutilkynningu á netfangið nokforr@verslo.is - s: 866 7210

Kl 21:00 - 23:00 Sundlaugarparty ungmenna 16 - 25 ára.

Kl 23:00 Útistofan, varðeldur, gítarglamur og sykurlúðagrill

Þetta er vímuefnalaus viðburður og þeim sem mæta undir áhrifum eða með áfengi verður umsvifalaust vísað frá.

Laugardagur 23. júní:

Kl 10:00-15:00 Svæðanudd hjá Guðlaugu

Kl 13:00-16:00 Gallerí Front

Kl 13:00-13:15 Skruðganga frá Róló í Fólkvang.

Kl 13:15-14:00 UMFK leikarnir við Fólkvang. Skipt er í lið eftir litum hverfanna og keppt í fjölbreyttum þrautum fyrir alla aldurs hópa. Úrslit kynnt um kvöldið

Kl 13:00-18:00 Kaffihús Kvenfélagsins Esju í Fólkvangi

Kl 13:00-18:00 Markaðsdagur í Fólkvangi

Kl 13:00-18:00 Hoppukastali við Fólkvang

Kl 14:00 Íris og Ragnar flytja nokkur lög í Fólkvangi

Kl 14:00-16:00 Björgunarsveitin Kjölur bíður í sjóferðir og fjórhjólarúnt

Kl 14:00-16:00 Hestar teymdir undir börnum við Fólkvang.

Kl 16:00-16:30 Íris og Ragnar flytja nokkur lög í Fólkvangi

Kl 17:00 Umhverfisviðurkenning hverfisráðs Kjalarness

Kl 20:00 Grillveisla á Róló. Hver og einn kemur með sinn mat á grillið. Veitt verða verðlaun fyrir skreytingar og farand bika fyrir UMFK leikana. Bjössi Greifi mætir með gítarinn.

Sunnudagur 26. júní:

Kl 11:00-12:00 Guðspjónusta í Brautarholtskirkju. Prestur sr. Gunnar Kristjánsson, organisti: Arnildur Valgarðsdóttir Fiðluleikur: Ágústa Dómhildur Karlsdóttir Sönghópur Hönnu Bjarkar Guðjónsdóttur sér um söng
Messunni er útvarpað

Kl 14:00-16:00 Menningardagskrá sögufélagsins Steina í Fólkvangi.

- Ómar Smári Ármannsson "fornlögfræðingur" verður með erindið: „Eitthvað miklu meira“ - Um sel og selstöður á Kjalarnesi.
- Árni Björnsson þjóðháttfræðingur flytur erindið: „Uppruni Jónsmessunnar“
- Sýning verður á gömlum ljósmyndum frá Kjalarnesi og Kjós, úr eigu Þjóðminjasafns.

Kl 17:00 Fólkvangur – Kjalarnesdögum slitið.

UMFK auglýsir eftir íbúð

Okkur bráðvantar 2-3 herbergja íbúð fyrir hana Birgittu íþróttafulltrúa herna í hverfinu. Við erum svo heppin að hún vill flytja hingað til okkar sem hlýtur að teljast mikil kostur fyrir okkur íbúana og UMFK.

Ef þú ert með íbúð á lausu núna, í sumar eða haust, eða hefur einhverja hugmynd um íbúð fyrir okkur þá endilega hafðu samband við okkur á maggi@kjalarnes.is eða í síma 898-8870 eða á if@umfk.is eða síma 778-5500

Stjórn UMFK

Fróðleikur um SVÆÐANUDD

Svæðameðferð er ævafor og áhrifarík nudd- og þrýsti-meðferð á hendur og fætur. Hana má rekja m.a. til Egyptalands og Persíu, einnig til Japans og Kína. Fornar veggmyndir frá Egyptalandi sýna Svæðameðferð í verki um 2.500,- árum f.Krist.

Fætur eru nuddaðir upp að hnjám. á meðan liggur nuddþegi í þægilegri hvíldarstillingu á bekk með ábreiðu yfir sér. Meðferðin tekur um 1 klst. Fólk slakar mjög vel á, líður vel og margir sofna. Hendur eru nuddaðar í aðstæðum þar sem ekki er hægt að koma fótanuddi við. T.d. þegar einstaklingur hefur misst fót eða fætur. Nuddþegi finnur yfirleitt mun á líðan sinni eftir 1-3 meðferðir, en framhaldið ræðst af hverjum einstaklingi fyrir sig. Árangurinn fer eftir því hve lengi tiltekið vandamál hefur verið til staðar og hvernig líkaminn tekur við örvuninni og vinnur úr henni.

Fætur okkar segja mikið til um líðan okkar. Margir þekkja það að hafa eymsli, þrota eða auma punkta í fótum. Það eru einmitt þessi aumu svæði sem svæðanuddari meðhöndlar. Meðferðin bætir vessaflæði, taugaviðbrögðin og eykur blóðrásina í fótunum og þar með í líkamanum öllum. Blóðrásin flytur burt þau úrgangsefni sem losna við nuddið, til hreinsikerfa líkamans sem vinna sitt góða verk; að flytja þau út úr líkamanum. Fjölmargir hafa fengið heilsu-bót með svæðameðferð.

- Hún er áhrifarík og þægileg reynsla
- Hún hefur hreinsandi (detox) og uppbyggjandi áhrif.
- Hún er fyrirtaks þáttur í heilsuvernd.
- Hún er góð til að létta álag í hraða nútímans.
- Hún hentar öllum aldurshópum.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum svæðameðferðar í heiminum, sem sýna að hún hefur mikil og góð áhrif á líkama og tilfinningar fólks. T.d. hafa Danir gert ýmsar rannsóknir og íslensk rannsókn var nýlega gerð á áhrifum svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða.

BYMOS

Bymos er með skreytingaefni í öllum regnbogans litum.

Síminn hjá Kalla í Bymos er

586 1210

BYMOS



Félagsheimilið Fólkvangur

Fyrir fermingarveislur, brúðkaup og afmæli.

Bókanir í síma 662 5566

Klébergslaug

Verðskrá gildir frá júní 2012

- Stakt gjald börn kr. 120
- Stakt gjald fullorðnir kr. 500
- 10 miða kort barna kr. 900
- 10 miða kort fullorðnir kr. 3.750
- 6 mánaða kort barna kr. 6.000
- 6 mánaða kort fullorðinna kr. 15.000
- Árskort barna kr. 10.000
- Árskort fullorðinna kr. 28.000
- Leiga á handklæði kr. 550
- Leiga á sundfötum kr. 750
- Tilboð sund handklæði og sundföt kr. 1.300
- Borgarstarfsmaður kr. 250
- Fyrirtækjakorthafi kr. 340

Íþróttamiðstöðin á Klébergi

Verð í **tækjasalinn**:

Verðskrá gildir frá júní 2012

- Stakt gjald unglingar kr. 250
- Stakt gjald fullorðnir kr. 500
- 10 miða kort kr. 3.750
- Mánaðarkort kr. 5.000
- 3 mán. kort kr. 10.000
- Árskort kr. 28.000
- Unglingar + sund kr. 350
- Fullorðnir + sund kr. 700

Verð í **íþróttasal**:

Verðskrá gildir frá júní 2012

- 1/2 salur pr. klst kr. 2.000
- Salur pr. klst kr. 4.000
- Salur pr. 1½ klst kr. 5.000

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is

Opnun Klébergslaugar

Vakin er sérstök athygli á lengdum opnunartíma sundlaugarinnar.

Opnunartími fram til 22. ágúst er:
kl. 9:00 - 20:00 alla virka daga og
kl. 11:00 - 15:00 um helgar.



Ágætu gestir Íþróttamiðstöðvarinnar að Klébergi.

Okkur er í mun að bæta þjónustu Íþróttamiðstöðvarinnar og laga hana að þörfum samfélagsins ef mögulegt er.

Í því augnamiði hefur verið settur upp „hugmyndakassi“ í afgreiðslunni og í hann eru allar raunhæfar hugmyndir eru vel þegnar.

Starfsfólk

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-
borðinu.

Allar nánari
upplýsingar og
bókanir hjá
Soffiu Sóleyju
í síma 662 5566.



Menningardagskrá á Jónsmessu

Sögufélagið Steini á Kjalarnesi efnir til menningardagskrár í Fólkvangi sunnudaginn 24. júní kl. 14:00 - 16:00.

Dagskrá:

- Ómar Smári Ármannsson “fornlögfræðingur” flytur erindið: „Eitthvað miklu meira“ - Um sel og selstöður á Kjalarnesi.
- Árni Björnsson þjóðháttufræðingur flytur erindið: „Uppruni Jónsmessunnar“
- Sýning verður á gömlum ljósmyndum frá Kjalarnesi og Kjós, úr eigu Þjóðminjasafns.

Aðgangseyrir er kr. 1000 fyrir fullorðna og kr 500 fyrir börn 12 ára og eldri. Kaffi og meðlæti er innifalið í aðgangseyri.

Verið velkomin!

Stjórn Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi

Guðspjónusta í Brautarholti á Kjalarnesdögum

Sunnudaginn 24. júní kl 11:00 verður guðspjónusta í Brautarholtskirkju.

Prestur er sr. Gunnar Kristjánsson prófastur

Organisti er Arnhildur Valgarðsdóttir

Sönghópur: Hanna Björk Guðjónsdóttir, Svava Kristín Ingólfssdóttir,
Einar Clausen og Sæberg Sigurðsson.

Fiðluleikur: Ágústa Dómhildur Karlsdóttir



Allir eru hjartanlega
velkomnir í
Brautarholtskirkju.

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur